

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

Nr. 9

við Stjórnartíðindi EB

4. árgangur

27.2.1997

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin

97/EES/9/01 Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/96 frá 28. október 1996 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins.....1

3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

97/EES/9/02 Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.835 - Recticel/Greiner) 3

97/EES/9/03 Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.877 - Boeing/McDonnell Douglas) 4

97/EES/9/04 Afturköllun á tilkynningu um samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.888 - Metallgesellschaft/AGIV) 4

97/EES/9/05 Ríkisaðstoð - Mál nr. C 57/94 - Frakkland 5

97/EES/9/06 Ríkisaðstoð - Mál nr. C 56/95 - Spánn 5

97/EES/9/07 Ríkisaðstoð - Mál nr. C 42/96 - Frakkland 5

97/EES/9/08 Ríkisaðstoð - Mál nr. C 58/96 - Spánn 6

97/EES/9/09	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 59/96 - Holland	6
97/EES/9/10	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um ákvarðanir um ríkisaðstoð	6
97/EES/9/11	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 20.1. til 31. 1. 1997	7
97/EES/9/12	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir	8

3. Dómstóllinn

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

97/EES/9/01

nr. 56/96
frá 28. október 1996

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 frá 15. október 1968 um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins⁽¹⁾ er hluti af V. viðauka við samninginn. Í bókun 15 við samninginn er kveðið á um aðlögunartímabil fyrir Liechtenstein vegna frjálsra fólksflutninga til 1. janúar 1998.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/569/EBE frá 22. október 1993 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1612/68 um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins, einkum að því er varðar Eures-netið (Vinnumiðlun Evrópu)⁽²⁾ var felld inn í V. viðauka við samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn⁽³⁾.

Ákveðinn undirbúningur hefur átt sér stað til að gera ráð fyrir fjárframlögum EFTA-ríkjanna og þátttöku þeirra í Eures-netinu.

Rétt er að viðeigandi ákvæði í 81. gr. samningsins gildi um þátttöku EFTA-ríkjanna, einkum um fjárframlög þeirra.

Við hæfi virðist að útvíkka samvinnu samningsaðila með því að láta hana ná til Vinnumiðlunar Evrópu (Eures).

Því ber að breyta bókun 31 vegna þátttöku EFTA-ríkjanna og gera ráð fyrir aukinni samvinnu á sviði atvinnumála frá 1. janúar 1996.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi grein bætist við bókun 31 við samninginn:

„15. gr.
Atvinnumál

1. Samvinna á sviði atvinnumála skal aukin með þátttöku EFTA-ríkjanna í Vinnumiðlun Evrópu (Eures). EFTA-ríkin skulu frá 1. janúar 1996 taka þátt í ýmis konar starfsemi bandalagsins varðandi Eures, m.a. upplýsingamiðlun, sérfræðingafundum, málþingum, ráðstefnum og skyldum viðburðum.
2. EFTA-ríkin skulu taka þátt í kostnaði í tengslum við starfsemi sem um getur í 1. mgr. í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. EES-samningsins.
3. EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í störfum nefnda á vegum EB og annarra nefnda sem aðstoða evrópsku framkvæmdastjórnna við stjórnun, þróun og framkvæmd starfsemi sem um getur í 1. mgr.
4. Ákvæði 1. til 3. mgr. hér að framan gilda ekki um Liechtenstein fyrir 1. janúar 1998. Eftir það gilda þau um Liechtenstein með fyrirvara um niðurstöður sameiginlegrar endurskoðunar sem um getur í 9. gr. bókunar 15 við samninginn.“

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 257, 19. 10. 1968, bls. 2.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 274, 6. 11. 1993, bls. 32.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1. og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. nóvember 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni. Hún gildir frá 1. janúar 1996.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. október 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

H. Hafstein

EES-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.835 - Recticel/Greiner)

97/EES/9/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. 2. 1997 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Recticel S.A./N.V. (Belgíu), undir yfirráðum Société Générale de Belgique, og Greiner Holding (AG) (Austurríki) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir Eurofoam Kunststoffe GmbH, nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Recticel: framleiðsla og sala á pólýúretanfrauði,
 - Greiner: framleiðsla og sala á pólýúretanfrauði, matvælaumbúðum, vörum fyrir rannsóknarstofur og sjúkrahús, sem og korkframleiðsla,
 - Eurofoam: framleiðsla og sala á pólýúretanfrauði í Austurríki, Þýskalandi og Austur-Evrópu.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 59, 26. 2. 1997. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.835 - Recticel/Greiner, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.877 - Boeing/McDonnell Douglas)**

97/EES/9/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. 2. 1997 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið The Boeing Company (Boeing) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir McDonnell Douglas Corporation (MDC).
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Boeing: flugvélar fyrir almennar samgöngur í lofti, varnar- og geimbúnaður,
 - MDC: flugvélar fyrir almennar samgöngur í lofti, varnar- og geimbúnaður.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 59, 26. 2. 1997. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.877 - Boeing/McDonnell Douglas, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

**Afturköllun á tilkynningu um samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.888 - Metallgesellschaft/AGIV)**

97/EES/9/04

Framkvæmdastjórninni barst 7. 2. 1997 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu milli Metallgesellschaft og AGIV. Þann 14. 2. 1997 afturkölluðu viðkomandi aðilar tilkynninguna.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 57/94
Frakkland

97/EES/9/05

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að ljúka málsmeðferðinni sem kveðið er á um í 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoð sem frönsk stjórnvöld ákváðu að veita til fiskiðnaðarins (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 46 frá 14. 2. 1997).

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 56/95
Spánn

97/EES/9/06

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að útvíkka málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans sem hófst 20. desember 1995 vegna aðstoðar sem Spánn áformar að veita til skipasmíðastöðva í eigu hins opinbera (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 53 frá 22. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

European Commission
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við spænsk stjórnvöld.

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 42/96
Frakkland

97/EES/9/07

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna aðstoðar franskra stjórnvalda til Société Marseillaise de Crédit í formi fjármagnsaukningar á árunum 1994 og 1995, og áformuð var fyrir 1996, að upphæð samtals 2 099 milljónir FF (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 49 frá 19. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

European Commission
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við frönsk stjórnvöld.

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 58/96
Spánn

97/EES/9/08

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar fyrirhugaða framlengingu á þriggja ára afhendingarfrestinum sem kveðið er á um í 3. mgr. 4. gr. sjöundu tilskipunar ráðsins um aðstoð til skipasmíða (90/684/EBE), vegna 5 dráttarbáta sem samið var um 1991 af Astilleros Zamacona SA, Spáni (sjá nánari útlitun í Stjútíð. EB nr. C 58 frá 25. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjútíð. EB, við:

European Commission
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við spænsk stjórnvöld.

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 59/96
Holland

97/EES/9/09

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoð til Océ Netherland BV vegna þróunar á stafrænni ljósritunarvél með miklu rými (OS 120) (sjá nánari útlitun í Stjútíð. EB nr. C 58 frá 25. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjútíð. EB, við:

European Commission
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við hollensk stjórnvöld.

Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um ákvarðanir um ríkisaðstoð **97/EES/9/10**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að viðhalda sameiginlegu hámarksviðmiðuninni vegna rekstraraðstoðar til skipasmíða, sem um getur í 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar, við 9% þar til OECD-samningurinn varðandi eðlileg samkeppnisskilyrði í skipasmíðaiðnaðinum og skipaviðgerðum öðlast gildi, en eigi lengur en til 1. desember 1997.

Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á 97/EES/9/11 tímabilinu 20. 1. til 31. 1. 1997

Þessi skjöl er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðufjöldi
COM(97) 5	CB-CO-97-004-EN-C ⁽¹⁾	Breytt tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um hámarkshönnunarhraða fyrir landbúnaðardráttarvélar á hjólum og dráttarvélar sem eru notaðar við skógræktarstörf	17.1.1997	20.1.1997	4
COM(97) 17	CB-CO-97-011-EN-C	Tillaga að ákvörðun ráðsins um undirritun og gerð alþjóðasamnings milli Evrópubandalagsins, Kanada og sambandsríkisins Rússlands um staðla fyrir mannúðlegar veiðiaðferðir	24.1.1997	24.1.1997	35
COM(97) 21	CB-CO-96-017-EN-C	Breytt tillaga að tilskipun ráðsins um breytingu á tilskipun ráðsins 76/895/EBE frá 23. nóvember 1976 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á ávöxtum og matjurtum, tilskipun ráðsins 86/362/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á ávöxtum, matjurtum og kornvörum, tilskipun ráðsins 86/363/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á kornvörum og matvælum úr dýraríkinu og tilskipun ráðsins 90/642/EBE frá 27. nóvember 1990 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum	31.1.1997	31.1.1997	10

(1) „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir**97/EES/9/12**

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjtíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtíð. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 30).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
96-0488-A	Drög að fyrirmælum fylkisstjórnarinnar í Kärnten, Zl. Ro-177/96, um framkvæmd laga um dýravernd og dýrahald frá 1996	7.3.1997
96-0489-FIN	Reglugerðir og leiðbeiningar á sviði járnbrautatækni, 8. hluti „Brýr“	7.3.1997
96-0490-S	Fyrirmæli um aðgerðir gegn hávaða og mengandi efnum í útblæstri torfæruhjóla	7.3.1997
96-0491-S	Úrskurður um ábyrgð bílaframleiðenda	12.3.1997
96-0492-IRL	Reglugerðir um óáfenga drykki (merkingar) 1997	10.3.1997
96-0493-DK	Fyrirmæli um framleiðslu á matvælum sem eru laus við salmonellu	17.3.1997
96-0494-F	Drög að úrskurði um breytingu á úrskurði nr. 84-810 frá 30. ágúst 1984 um öryggi á sjó, aðbúnað um borð í skipum og aðgerðir til að koma í veg fyrir mengun	(3)
96-0495-F	SP/DGPTA/ATAS/35: Tækniforskrift um viðurkenningu á endabúnaði fyrir radíóendurvarpskerfi sem er ætlað til að senda stafræn merki á tíðnisviðinu 24,5-26,5 GHz	11.3.1997
96-0496-F	Fyrirmæli um lögboðna framkvæmd á stöðlum	11.3.1997
96-0497-I	Drög að þverfaglegum úrskurði um vínfræðilegar aðferðir sem unnt er að nota við framleiðslu á bragðbættum vínnum, drykkjum úr bragðbættum vínnum og bragðbættum kokkteilum úr vínnum	12.3.1997
96-0498-F	Fyrirmæli um meðhöndlun á innmat úr alifuglum með jónandi geislum	11.3.1997
96-0499-UK	Drög að reglugerðum um mælibúnað (fljótandi eldsneyti í tankbílum) (breyting) (Norður-Írland) 1997	19.3.1997
96-0500-DK	Samningur um hefðbundnar mjólkurvörur sem eru framleiddar án litarefna, natamýsíns og nísíns fyrir danska markaðinn	12.3.1997
96-0501-GR	Tækniforskrift um breytingu á 89. og 91. gr. í lögum um matvæli	12.3.1997
96-0502-GR	Tækniforskrift um breytingu á 124. gr. í lögum um matvæli	12.3.1997
96-0503-GR	Tækniforskrift um breytingu á 127. gr. í lögum um matvæli	12.3.1997
96-0504-D	Skilyrði fyrir notkun öxulstálröra	17.3.1997

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
96-0505-B	Drög að konunglegri tilskipun um breytingu á konunglegri tilskipun frá 20. febrúar 1968 um öryggisráðstafanir við uppsetningu og notkun á leiðslum til að flytja saltlög, ætandi lút og fljótandi úrgang	17.3.1997
96-0506-S	Ákvæði um almennt flug og flugvelli BCL-F2.3 Ákvæði um staðsetningu þyrluflugvalla	12.3.1997
96-0507-D	Fyrirmæli um fyrirbyggingu og endurvinnslu á umbúðaúrgangi	17.3.1997
96-0508-B	Tæknilegt plagg um framkvæmd ráðherrafyrirmæla frá 27. ágúst 1996 um aðferðir við samþykki á öryggiskerfum fyrir verðmæti, unnið í samræmi við konunglegan úrskurð frá 4. mars 1996 um ákveðnar aðferðir til að tryggja flutning á verðmætum, eins og honum var breytt með konunglegum úrskurði frá 18. nóvember 1996	(3)
⁽³⁾ ⁽⁴⁾ ⁽⁵⁾		

Framkvæmdastjórnin veur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtið. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

⁽¹⁾ Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

⁽²⁾ Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

⁽³⁾ Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

⁽⁴⁾ Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

⁽⁵⁾ Ekkert stöðvunartímabil vegna skatta- eða fjármálaráðstafana; sbr. 3. lið 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 94/10/EB.